



Slökkvilið Dalabyggðar

Niðurstöður úr eldvarnaskoðun

Framkvæmd þann 10.5.2021

Fyrirtæki

Silfurtún, dvalarheimili

Dvalarheimilið Silfurtún

Gunnarsbraut 8, 370 Dalabyggð

Tilvísun slökkviliðs

Mál nr. 21-2549

Skoðun nr. 100938

Skoðunarmaður: Ívar Örn Þórðarson

Númer: 384446 Skráð: 19.5.2021 16:30

Brunahanar

Sunnubraut 25

- Annað

Næsti brunahani er við Sunnubraut 25. 100 -150 m.

Númer: 383536 Skráð: 10.5.2021 16:03

Brunahólfun

Húsið

- Gera grein fyrir

Húsið skiptist í þrjár brunasamstæður, þjónustukjarna og tvær svefnálmur. Svefnálmurnar eru aðskildar frá þjónustukjarna með tveimur F30 (logastöðvandi) hurðum. Hurðar að íbúðum eiga að vera B30 (eldhndrandi) hurðar. Ekki er hægt að staðfesta rétt byggingarefni en það er þó líklega rétt. Hins vegar vantar reykþéttingu.

Númer: 383526 Skráð: 10.5.2021 15:22

Brunaslöngur

Aðalinngang

- Skal yfirfara / prófa

- Merkingar vantar / röng



Staðfestingu vantar á yfirferð og prófun.
Brunaslöngur skulu yfirfarnar árlega.

Númer: 383523 Skráð: 10.5.2021 15:13

Brunaslöngur

B álma

- Skal yfirfara / prófa



Staðfestingu vantar á yfirferð og prófun.
Brunaslöngur skulu yfirfarnar árlega.

Brunaviðvörðun

Aðalinngang

- Gera grein fyrir
- Skal yfirfara / prófa



Brunaviðvörðunarkerfi skulu yfirfarin a.m.k. árlega.

Eldvarnahurðir

Húsið

- Gera grein fyrir
- Eldvarnahurð vantar



Eigandi og eftir atvikum forráðamaður skal gera grein fyrir að eldvarnahurðir byggingarinnar séu í samræmi við kröfur og aðaluppdrætti.

Reglugerð nr. 269/1978 um brunavarnir og brunamál, kafli 10.

Eldvarnahurðir

Íbúðirnar

- Gera grein fyrir
- Eldvarnahurð vantar



Eigandi og eftir atvikum forráðamaður skal gera grein fyrir að eldvarnahurðir byggingarinnar séu í samræmi við kröfur og aðaluppdrætti.

Eldvarnahurð vantar samkvæmt teikningum. Ekki er hægt að staðfesta hvort hurðir að íbúðum séu samkvæmt teikningu (B30). Hurðir eru ekki reykþéttar.

Reglugerð nr. 269/1978 um brunavarnir og brunamál kafli 10.4.1

Eldvarnarteppi

Eldhúsið

- Gera grein fyrir
- Skal festa á vegg



Festa þarf eldvarnarteppi upp svo auðvelt sé að nota það.
Eldvarnarteppi á ekki að vera of nálægt eldavélum.

Flóttaleiðir

Aðalinngang

- Rennihurðir / Rafmagnshurðir



Virkni við straumrof skal vera í samræmi við lög og reglugerðir.
Gera skal grein fyrir virkni neyðaropunar á rennihurðum/rafmagnshurðum við brunaboð og straumrof.

Flóttaleiðir

B álma innri

- Ógreiðfærar / flóknar



Flóttaleiðir eru ógreiðfærar/teptar eða ekki fullnægjandi.

Flóttaleiðir

Íbúð

- Án athugasemda



Flóttaleiðir eru samkvæmt aðaluppdráttum.

Íkveikjuhætta / Brunaálag

Utandyra við A álmu

- Sorplát



Sorplát við útvegg með brennanlegri klæðningu, undir glugga og þakkanti.

Leiðarlýsing

A álma innri

- Gera grein fyrir
- Skal yfirfara og prófa



Eigandi og eftir atvikum forráðamaður skal gera grein fyrir að leiðarlýsing byggingarinnar sé í samræmi við teikningar og reglugerð 112/2012 m.s.b. og leiðbeiningar HMS.

Leiðarljós logar ekki/bilað.

Yfirfara þarf öll leiðarljós byggingarinnar sbr. reglugerð nr. 112/2012 m.s.b. og leiðbeiningar HMS.

Yfirfara skal leiðarljós einu sinni á ári af viðurkenndum aðila.

Leiðarljós skulu vera sílogandi.

Neyðarlýsing

Andri

- Án athugasemda
- Skal yfirfara / prófa



Neyðarlýsing skal yfirfarin og prófuð einu sinni á ári af viðurkenndum aðila.

Slökkvitæki

A og B álma

- Hulið / heft aðgengi



Ekki má hefta aðgengi að slökkvibúnaði.
Slökkvitæki eru staðsett of hátt uppi. Hámarks hæð í handfang 90 cm.

Slökkvitæki

Eldhúsið

- Skal yfirfara / prófa
- Skal festa á vegg
- Merkingar vantar / Rangar
- Hulið / heft aðgengi




Slökkvitæki skal fest upp.
Merkja skal staðsetningu handslökkvitækis og það skal vera sýnilegt.
Ekki má hefta aðgengi að slökkvibúnaði.

Ekki í lagi

Áskorun um úrbætur

- 1) Samkvæmt meðfylgjandi skoðunarskýrslu komu við skoðun fram ágallar á brunavörnum mannvirkisins. Ágallarnir teljast Ekki í lagi
- 2) Eigandi og eftir atvikum forráðamaður mannvirkis ber skv.23. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000 ábyrgð á að mannvirkið fullnægi kröfum um brunavarnir. Með vísan í 2. mgr. þeirrar greinar ber yður að hlíta fyrirmælum slökkviliðs um úrbætur eldvarna.
- 3) Hér með er skorað á yður að bæta úr þeim atriðum sem fram koma í meðfylgjandi skoðunarskýrslu og yður hafa verið kynnt.
- 4) Undirrituðum forráðamanni eða fulltrúa hans hafa verið kynntir þeir ágallar á eldvörnum sem honum ber að bæta úr innan þess frests sem tilgreindur er. Hafið þér athugasemdir við niðurstöður skoðunar er yður gefin kostur á að senda á netfangið dalabyggd@eldvarnaeftirlit.is með máls-nr. í efni, eigi síðar en 16.11.2021. Hafi ekki borist athugasemdir fyrir þann tíma er litið svo á að þér gerið ekki athugasemdir við skoðunarskýrslu.
- 5) Við endurtekin brot við síðari skoðanir getur komið til gjaldtöku á grundvelli ítrekaðra brota með vísan í lög nr. 75/2000.
- 6) Undirskrift þess sem var viðstaddur skoðun

Nafn: Haflína Ingibjörg Hafliðadóttir



Fyrirvari

Vakin er athygli á því að ekki er hægt að álíta eða gera ráð fyrir að skoðun eldvarnaeftirlits taki á öllum ágöllum á brunavörnum þeirrar fasteignar/mannvirkis eða lóðar sem skoðun þessi tekur til né að skoðunin sé tæmandi. Mögulegt er að ágallar á eldvörnum séu duldir, ekki augljósir eða að eldvarnaeftirlitinu yfirsjáist einhver atriði. Ekki er í öllum tilvikum stuðst við aðaluppdætti í eldvarnaskoðunum og því ekki víst að byggingin sé skoðuð samkvæmt samþykktum teikningum en þess í stað framkvæmd svokölluð sjónskoðun.

Skoðun eldvarnaeftirlitsins léttir ekki ábyrgð af eiganda og eftir atvikum umráðamanni fasteignar/mannvirkis eða lóðar, sem eftir sem áður ber(a) fulla ábyrgð á að eldvarnir séu til staðar, að þær taki mið af þeirri starfsemi sem fer fram í mannvirkinu eða á lóð þess á hverjum tíma, að eldvarnir séu virkar og að haft sé með þeim reglubundið eftirlit, sbr. ákvæði 23. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000. Jafnframt ber eigandi ábyrgð á því að byggingin sé í samræmi við samþykktar teikningar.